

Leikhópurinn Á senunni í samstarfi við SPRON kynnr söngleikinn:

## KABARETT

eftir Masteroff, Kander og Ebb

Leikhópurinn Á senunni kynnr hinn gamalkunna söngleik **Kabarett** í þýðingu **Veturliða Guðnasonar**. Frumsýnt var í **Íslensku óperunni** þann 4. ágúst 2005. Viðtökur hafa verið með ólíkindum góðar og dómar lofsamlegir. Miðasala er í fullum gangi og það er óhætt að segja að **Kabarett** virðist ætla að verða smellur haustsins í leikhúsinu.

*“Sýning með brodd og bravör!” (VS, Fréttablaðinu)*

*“Söngleikjatonlist gerist ekki mikið skemmtilegri að en tónlistin í Kabarett.”  
(ÞS, Víðsjá)*

*“Það er leitun að söngleikjauppfærslu hér á landi sem hefur náð eins góðum árangri í heild í jafn viðamikilli sýningu og hér um ræðir.”  
(SH, Mbl)*

*“Góð skemmtun góðra listamanna!” (EB, DV)*

*“.. ég heillaðist svo að ég er gjörsamlega bit á sjálfri mér.” (ÞG, Kistan.is)*

*“Frábær sýning hjá leikhópnum „Á senunni“ þar sem valinn maður var í hverju rúmi.” (Árni Guðmundsson, Bloggari)*

Nánari upplýsingar um leikhópinn Á senunni og verkið má finna á fylgiskjali. Einnig er hægt að fara inn á heimasíðuna [www.kabarett.is](http://www.kabarett.is) Þar má finna upplýsingar um sýningarkvöld í september og október.

Leikhópurinn Á senunni gefur nú félögum í **BSRB** kost á glæsilegu leikhúskvöldi 1., 8., 15. eða 22. október. Almennt miðaverð er 3900 eða 5900 krónur en við bjóðum miðann með 10% afslætti. Einnig getum við séð um að semja við Café Sólón um veitingar fyrir hópa fyrir sýningu og í hléi á vægu verði. Allar upplýsingar veitir Ingvar Sverrisson framkvæmdastjóri í síma 824 7722 eða miðasala Íslensku óperunnar í síma 511 4200. Þá má skrifa okkur á [midasala@opera.is](mailto:midasala@opera.is) eða [senan@senan.is](mailto:senan@senan.is)

Með vinsemd og virðingu

Leikhópurinn Á senunni

Hópurinn sem stendur að Kabarett er óneitanlega glæsilegur. Í aðalhlutverkum eru **Pórunn Lárusdóttir** sem leikur Sally Bowles, **Magnús Jónsson** sem leikur kabarettstjórann Emmsé og **Felix Bergsson**, en hann leikur rithöfundinn Cliff Bradshaw. Aðrir leikarar eru **Edda Þórarinsdóttir** og **Borgar Garðarsson**, **Katla Margrét Þorgeirsdóttir**, **Jóhannes Haukur Jóhannesson**, **Vigdís Gunnarsdóttir**, **Birna Hafstein**, **Kristjana Skúladóttir**, **Guðjón Karlsson**, **Orri Huginn Ágústsson**, **Soffía Karlsdóttir**, **Agnes Kristjónsdóttir** og **Inga Björg Stefánsdóttir**. Hljómsveitin skipar stóran þátt í þessari uppsetningu en hana skipa þeir **Sigtryggur Baldursson**, **Samúel Samúelsson** (Sammi í Jagúar), **Matthías Stefánsson**, **Sigurður Flosason**, **Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson** og **Karl Olgeirsson**, sem jafnframt er tónlistarstjóri sýningarinnar. Um aðra listræna stjórnendur má lesa á [www.kabarett.is](http://www.kabarett.is) Leikstjóri er **Kolbrún Halldórsdóttir**.

Dómar gagnrýnenda hafa verið lofsamlegir. Eftirfarandi eru nokkrar setningar úr þremur þeirra:

“Stjarna sýningarinnar er eins og við má búast Pórunn Lárusdóttir í hlutverki Sally Bowles.”

“Felix Bergsson skilar (hlutverki sínu) mjög fagmannlega bæði leik og söng.”

“Magnús Jónsson leikur kabarettkynninn á mjög sérstakan en áhrifamikinn hátt og það á ekki síst við hvað túlkun hans í söng varðar. Persónan er hér sýnd sem fulltrúi illskunnar jafnt sem fórnarlamb hennar og minnir áhorfendur stöðugt á alvarlegan undirtón verksins.”

“Það er leitun að söngleikjauppfærslu hér á landi sem hefur náð eins góðum árangri í heild í jafn viðamikilli sýningu og hér um ræðir. Hér er áherslan lögð á að boðskapur verksins skili sér í vönduðum leik og í túlkun söngtextanna. Ofan á þetta bætist að söngur, hljóðfæraleikur og allt það sem fyrir augu ber á sviðinu í þessari metnaðarfullu sýningu er í fremstu röð þess sem sést hefur í söngleikjasýningum hér á landi.” **Sveinn Haraldsson, Morgunblaðið.**

“Sýning með brodd og bravör!”

“Sýning leikhópsins „Á senunni” er vönduð og metnaðarfull.”

“Kolbrún stýrir fleyinu í örugga höfn og notar tækifærið um leið til að draga fram þann ádeilubrodd sem býr í verkinu.”

“Leikarahópurinn er einkar glæsilegur. Þrír nýútskrifaðir leikarar í bland með þeim reyndari og svo „gamlar kanónur” svona rétt til að setja punktinn yfir.”

“Það var virkilega notalegt að sjá þau Borgar Garðarsson og Eddu Þórarinsdóttur aftur á sviði. Mikil hlýja og falleg nærvera einkendi túlkun þeirra..”

“Katla Margrét leikur hina léttlyndu Fraulein Kost. Það er skemmtilegt hlutverk og leikkonunni tókst mjög vel upp. Það fylgdi henni mikið líf í hvert skipti sem hún birtist á sviðinu.”

“Magnús Jónsson birtist nú aftur á sviðinu eftir nokkra fjarveru. Hann er hér í hinu heimsfræga hlutverki Emmsé kabarettstjóra sem Joel Gray hlaut Óskarsverðlaun fyrir á sínum tíma. Magnús Jónsson var bara helmingi betri og tíu sinnum flottari og verst að ekki skuli vera til Óskarsverðlaun handa honum fyrir þessa frábæru túlkun. Leiðin sem leikstjórinn velur gengur fullkomlega upp og Magnús lætur sig ekki muna um að vera holdgervingur Þýskalands komplett.”

“Þá er ótalin óumdeilanlega stjarna kvöldsins, Pórunn Lárusdóttir. Hlutverk Sally Bowles hefur hreinlega beðið eftir henni. Hún var jafn sprúðlandi og örugg í söngnúmerunum sínum eins og hún gat verið lítil og umkomulaus þegar allt fór á versta veg... Glæsileg frammistaða!”

“Það er ástæða að óska leikhópnum til hamingju með vel heppnaða sýningu á Kabarett.” **Valgeir Skagfjörð, Fréttablaðið**

“Góð skemmtun góðra listamanna!”

“Kolbrúnu Halldórsdóttur leikstjóra hefur hér tekist vel upp við að vefa saman þeim þráðum sem mynda heild í uppfærslu sem þessari, enginn dauður punktur og ærslafull leikgleði einkenna sýninguna í heild sinni.”

“Það fór ekki á milli mála að hljómsveitin var líka í aðalhlutverki enda einstakir listamenn á ferð. Áhorfendur kunnu svo sannarlega vel að meta þeirra hlut eins og fram kom í sýningarlok.”

“Edda Þórarinsdóttir hefur ekki sést lengi á leiksviðinu og því var það sérstök ánægja að fylgjast með hennar fagaða leik í hlutverki hennar nett siðprúðu en þó spilltu Fraulein Schneider. Hafi Fraulein Schneider verið til, þá leit hún einmitt svona út.”

“Þórunn Lárusdóttir fór með hlutverk Sally Bowles. Hún söng frábærlega og með leik sínum kom hún hinum sorglega undirtón í skugga kæruleysisins vel til skila...”

“Magnús Jónsson fór með hlutverk kabarettkynnisins Emmse og var hreint alveg frábær í öllum þeim gerfum sem hann birtist í.” **Elísabet Brekkan, DV.**

Leikhópurinn Á senunni ([www.senan.is](http://www.senan.is)) hefur starfað frá 1999 og sett upp sýningar sem hafa hlotið lof innan lands sem utan. **Kabarett** er sjöunda verkefni hópsins og hefur verið á teikniborðinu í nokkur ár. Eiginlegur undirbúningur hefur staðið frá síðasta sumri. Verkið fjallar um Berlín á uppgangstíma nasistanna í byrjun fjórða áratugar síðustu aldar. Bandaríkjamaðurinn Cliff Bradshaw kemur til Berlínar með það í huga að skrifa skáldsögu. Þar dregst hann fljótt inn í hringiðu, þar sem samfélagið sveiflast á milli öfganna. Annars vegar er partyið og brjálæðið í Kit Kat klúbbnum og hinsvegar eru það stjórnmalin, þar sem nasistar verða sífellt sterkari. Hann kynnist söngkonunni Sally Bowles og hún snýr tilveru hans á hvolf. Sofandi streymir veröldin að feigðarósi og Kabarettinn speglar það sem á gengur..

**Kabarett** er langstærsta verkefni leikhópsins Á senunni til þessa og hefur tekist að fá frábæra samstarfsaðila til verkefnisins. Stærstur samstarfsaðila er **SPRON**. Meðal annarra samstarfsaðila eru **Íslenska óperan, Olís, Flugleiðir, Allied Domecq, Á þakinu ehf, Ennemm auglýsingastofa, Ríkisútvarpið og Morgunblaðið**. Leikhópurinn nýtur einnig samstarfssamnings við **Reykjavíkurborg** sem tryggir hópnunum fjárframlag til ársins 2006.

Eins og áður sagði verður **Kabarett** frumsýndur í **Íslensku óperunni** þann 4. ágúst. Sýningaráætlun haustsins má finna á [www.kabarett.is](http://www.kabarett.is) Hægt er að nálgast miða á heimasíðunni [www.kabarett.is](http://www.kabarett.is) eða í Íslensku óperunni, Ingólfsstræti. Miðasalan er opin kl. 14-18 alla daga nema mánudaga og fram að sýningu sýningardaga. Símasala er opin kl. 10-18 alla daga nema mánudaga. Sími miðasölu er 511 4200.

**Lífið er Kabarett!**



Leikhópurinn Á senunni, kt. 620798-2239, Starhagi 5, 107 Reykjavík.  
sími: 861 9535 netfang: [senan@senan.is](mailto:senan@senan.is) heimasíða: [www.senan.is](http://www.senan.is)